

## Samkomulag um menningarsamskipti Íslands og Kína

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var í opinberri heimsókn í Kína dagana 14.-19. september í boði Sun Jiazheng menningarmálaráðherra Kína.

Menntamálaráðherra átti fund með Sun Jiazheng þann 15. september sl. Á fundinum var undirritað samkomulag um menningarsamskipti Íslands og Kína árin 2007-2010. Hyggjast stjórnvöld beggja ríkja stuðla að og greiða fyrir beinum tengslum og skiptiheimsóknum listamanna og stjórnenda á listasviðinu sem og háskólakennara og námsmanna milli Kína og Íslands. Menntamálaráðherra átti jafnframt fund með Chen Zhili, fyrrum menntamálaráðherra og fulltrúa í kínverska ríkisráðinu. Chen er önnur valdamesta kona Kína og æðsti yfirmaður mennta- og vísindamála í Kína Einnig átti ráðherra fund með Zhou Ji, menntamálaráðherra Kína, og Shang Jong, ráðherra vísinda- og tæknimála.

Á fundum með kínverskum ráðherrum kom í ljós mikill áhugi á að efla samstarf ríkjanna á sviði mennta- og vísindamála. Chen Zhili og Zhou Ji lýstu yfir áhuga Kínverja á að starfrækja svokallaða Konfúsíusar-miðstöð á Íslandi. Um 100 slíkar miðstöðvar eru starfræktar í heiminum, þar af um tuttugu í Evrópu en markmið þeirra er að miðla kennslu á kínverskri tungu og efla þekkingu á kínverskri menningu.

Menntamálaráðherra Kína hvatti jafnframt til aukinna samskipta á sviði vísindarannsóknna m.a. með sameiginlegum rannsóknarverkefnum íslenskra og kínverskra vísindamanna og háskóla. Þá hafa Kínverjar hug á að kínverskir háskólar geti boðið upp á sameiginlegar námsgráður í samvinnu við íslenska háskóla.

Fimmtudaginn 14. september var haldin athöfn í [Beijing Foreign Studies University](#). Þar er að hefjast kennsla í íslensku og af því tilefni afhenti



menntamálaráðherra fyrir hönd íslensku þjóðarinnar bókagjöf til handa háskólanum. Alls er um 1.600 bækur að ræða, sem flestar eru gefnar af íslenskum bókaútgefendum. Þær munu að stofni til mynda eitt stærsta íslenska bókasafn Asíu. Tók Hao Ping rektor BFSU á móti bókagjöfinni fyrir hönd skólans.




Evrópskur tungumáladagur  
26. september

Í tilefni af [Evrópskum tungumáladegi](#) hinn 26. september næstkomandi stendur [Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum](#) að hátíðardagskrá um þýðingar. Dagskráin fer fram í hátíðarsal Háskóla Íslands frá kl. 15.00-18.00 og er styrkt af menntamálaráðuneyti.

Að frumkvæði Evrópuráðsins og Evrópusambandsins var Evrópskur tungumáladagur fyrst haldinn hátíðlegur á [Evrópsku tungumálaári 2001](#). Evrópuráðið ákvað síðan að gera Evrópskan tungumáladag 26. september að árlegum viðburði með það að markmiði að vekja athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og fagna fjölbreytileika tungumála í Evrópu. Hvatt er til símenntunar í tungumálum til að koma til móts við efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar breytingar í Evrópulöndum í þeim tilgangi að auka gagnkvæman skilning þjóða. Menntamálaráðuneyti hefur frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um Evrópska tungumáladaginn. Það hefur með ýmsum hætti reynt að stuðla að því að skólar og hagsmunaaðilar haldi daginn hátíðlegan með einhverjum hætti, s.s. með dreifibréfi til allra skóla, útgáfu og dreifingu veggspjalds, svo og bæklinga með hugmyndum að verkefnum og aðgerðum á tungumáladeginum. Í ráðuneytinu má nálgast ofangreindan bækling og íslenska útgáfu veggspjaldsins.

### Kynjahlutfall jafnt í nefndum skipuðum af ráðherra

Í [nefndum](#) á vegum menntamálaráðuneytis sem skipaðar eru samkvæmt ákvörðun ráðherra er hlutfall milli kvenna og karla jafnt.



Sé þetta borið saman við nefndir skipaðar samkvæmt lögum eða ályktunum Alþingis kemur í ljós að 37% kvenna sitja í nefndum skipuðum samkvæmt lögum og 63% karla en 43% konur og 57% karlar í nefndum skipuðum samkvæmt ályktunum Alþingis. Þess ber að geta að nefndir á vegum menntamálaráðuneytis eru 285 og nefndarmenn 1840 talsins.

### Skipun í embætti Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur skipað Vésteinn Ólason í embætti forstöðumanns [Stofnunar](#)

[Árna Magnússonar í íslenskum fræðum](#) frá 12. september 2006 til 1. mars 2009, að fengnu álit dómnefndar um prófessorshæfi umsækjenda á fræðasviði stofnunarinnar og að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Dómnefndin taldi í álit sínu að allir umsækjendur um embættið, sem voru alls fjórir, uppfylltu framangreind hæfiskilyrði, en í umsögn stjórnar stofnunarinnar var talið að Vésteinn Ólason væri hæfastur umsækjenda vegna mikilla og góðra fræðastarfa, auk þess sem hann hefði mikla stjórnunarreynslu. Mælti stjórnin einróma með því að Vésteinn yrði fyrir valinu.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er ný stofnun sem varð til við gildistöku samnefndra laga [nr. 40/2006](#) hinn 1. september sl. Með þeim lögum sameinuðust í eina stofnun Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabók Háskóla Íslands, Íslensk málstöð, Örnefnastofnun Íslands og Stofnun Sigurðar Nordals.

### Vefútgáfa Evrópskrar tungumálamöppu, European Language Portfolio

Menntamálaráðuneyti hefur birt [vefútgáfu](#) Evrópskrar tungumálamöppu, European Language Portfolio, fyrir grunn- og framhaldsskólastig og hefur hún hlotið vottun frá Evrópuráðinu í Strassborg. Efnid var unnið í samvinnu við tilraunaskóla hér á landi og nefnd sérfræðinga um tungumálakennslu á vegum ráðuneytisins. Mappan er í þremur hlutum sem eru tungumála-passi, námsferilskrá og safnmappa.

